



HÁSKÓLI ÍSLANDS Rannsóknasjóður Háskólans (verkefnasjóður)

Viðmið við úthlutun

Í samræmi við 7. mgr. 75. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands setur vísindanefnd háskólaráðs eftirfarandi viðmið um vinnulag og mat á umsóknum í tengslum við úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Nýjar umsóknir eru metnar af viðkomandi fagráði, nema fagráð telji nauðsynlegt að senda umsókn í utanaðkomandi mat. Hægt er að sækja um styrk, allt að 1700 þ.króna á ári, til eins, tveggja eða þriggja ára í senn. Lokaskýrslu þarf að skila að styrktíma liðnum. Ekki þarf að skila framvinduskýrslu eftir hvert ár.

Gæði umsóknar og ritvirkni umsækjenda

Fagráð metur umsóknir til sjóðsins. Til grundvallar matinu er horft til vísindalegs gildis, stöðu þekkingar, markmiða, framkvæmdar og tímaáætlunar rannsóknar.

Samhliða gæðamati fagráðs er ritvirkni umsækjanda metin á grundvelli aflstiga eða ritvirknistiga umsækjanda 2015-2019 í samræmi við gögn frá vísinda- og nýsköpunarsviði. Faglegt gæðamat vegur 60% í heildareinkunn umsóknar á móti 40% vægi ritvirkni umsækjanda.

Vísindanefnd háskólaráðs ákveður hámarksfjárhæð styrkja og fjölda styrkflokka en ákvörðun um úthlutun einstakra styrkja er í höndum stjórnar Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Við lokaflokkun umsóknar er heimilt að taka tillit til eftirfarandi þátta:

1. Nýir starfsmenn (þeir sem hafa hafið vísindaferil á seinustu fimm árum miðað við ráðningu í akademískt starf (lektor/sérfræðingur) hækka um flokk, raðist þeir neðarlega vegna birtinga sinna.
2. Birtingarhefð. Heimilt er að hækka umsókn um flokk ef birtingartíðni á viðkomandi fagsviði er lág í samanburði við önnur fagsvið.
3. Persónulegar aðstæður. Heimilt er að hækka umsóknir um flokk eða flokka ef umsækjandi hefur verið í barneigna- eða veikindaleyfi undangengin fimm ár. Standi barneignaleyfi yfir í 6 mánuði eða meira er heimilt að hækka umsækjanda um allt að tvo flokka. Sama gildir um veikindaleyfi.
4. Umsækjendur sem hafa notað rannsóknir sérstaklega til að efla samfélagslega þjónustu og starfsemi á vettvangi er heimilt að hækka um flokk. Rökstuðningur þarf að fylgja í umsókn.

Gerir fagráð tillögu um tilfærslu samkvæmt framangreindu skal í **öllum** tilvikum fylgja skýr rökstuðningur. Að öðrum kosti getur stjórn Rannsóknasjóðs ekki tekið tilfærsluna til greina.

Að lokinni röðun fagráða eru tillögurnar kynntar fyrir stjórn Rannsóknasjóðs og þær metnar.

Ef fagráðsmenn eða fulltrúar í stjórn Rannsóknasjóðs eru tengdir umsóknum eða umsækjanda skulu þeir víkja af fundi (sbr. skjal vísindanefndar um vanhæfi).



UNIVERSITY OF ICELAND

The University of Iceland Research Fund (project fund)

Criteria for the allocation of grants

In accordance with paragraph 7, Article 75 of the Regulation for the University of Iceland, the University Council Science Committee sets the following criteria for working procedures and evaluation of applications regarding the allocation of grants from the University of Iceland Research Fund.

New applications shall be evaluated by the relevant review panel, unless the review panel considers it necessary to send the application for external evaluation. Grants are available of up to ISK 1700 th.kr. per year, for one, two or three years. A final report must be submitted at the end of the grant period. There is no need to submit a progress report at the end of each year.

Quality of applications and applicant's publication output

A review panel shall evaluate applications to the Fund. The evaluation is based on the scientific value of the proposed research, present state of knowledge, objectives, methodology and time plan for the research project.

Parallel to the panel evaluation, the applicants' publication output is assessed using advanced points or publication points from 2015-2019 based on data from the Division of Science and Innovation.

The quality of the application weighs 60% and the applicant's publication output weighs 40% in the application's final grade.

The Science Committee determines the maximum grant amount each year and the number of grant categories into which applications can be placed, while decisions on individual grants is made by the board of the University of Iceland Research Fund.

The final ranking of applications may take the following into consideration:

1. New staff members (those who began their academic careers within the past five years based on their appointment to an academic position (lecturer / research specialist)) shall be upgraded to the next highest category should they rank poorly due to their publication output.
2. Publication conventions. Applications may be moved up a category if the publishing frequency in a certain academic field is low compared to other fields.
3. Personal circumstances. Applications may be ranked higher by one or more categories if the applicant has been on parental or sick leave in the last five years. Applicants who have been on parental leave for 6 months or more may be raised by up to two categories. The same applies to sick leave.
4. Applicants who have used research specifically to enhance public services and operations in the relevant field may be moved up a category. A reasoned argument must be included with the application.

In **all** cases a clear reasoned argument must be provided when a review panel proposes moving an application to a higher category in accordance with the above. Otherwise the board of the Research Fund cannot consider the proposal.

Once the review panels have finalised the ranking of applications, their proposals shall be presented to the board of the Research Fund for final evaluation.

If any members of a review panel or the board of the Research Fund have connections to an application or applicant, these members shall leave the meeting while the application in question is considered (cf. Science Committee's statement on ineligibility).